



# Framkvæmda- fréttir

16. tbl. / 12



## Norðfjarðargöng, forval verktaka

Tölvumynd af væntanlegum vegi og gangamunna í Eskifirði. Til að fá skýrari mynd er miðað við útlit á framkvæmdatíma þannig að fyllingar og skeringar eru sýndar ógrónar. Eftir uppgræðslu verða þessi mannvirki minna áberandi í landinu. Sjá mynd af Norðfirði á baksíðu.

Í þessu blaði er auglýst forval verktaka vegna framkvæmda við Norðfjarðargöng. Skil forvalsgagna eru 13. nóvember, afhending útboðsgagna til verktaka eftir forval er í lok janúar 2013, vinna hefst haustið 2013 og tekur 3-4 ár. Fjarveitingar til verksins eru samtals 10,5 milljarðar króna á fjögurra ára tímabili, frá 2013 með meginþungann 2014-2016.

### Núverandi vegur

Núverandi Norðfjarðarvegur, á kaflanum frá Eskifirði að Norðfirði, er 26,1 km langur og liggur frá Eskifirði upp á Oddsskarð, um jarðgöngin í Oddsskarði og að Neskaupstað. Á köflum uppfyllir vegurinn ekki nútímakröfur um umferðaröryggi og akstursþægindi. Hann er brattur, með kröppum beygjum og takmarkaðri sjónlengd. Göngin um

Oddsskarð voru grafin á árunum 1972-1977. Þau eru 640 m löng, einbreið með 2 útskotum til mætinga. Þá er blindhæð inni í göngunum. Göngin liggja í 626 m hæð y.s. og því erfið í vetrarfærð en einnig er þokusælt árið um kring.

### Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdarinnar er að styrkja byggðarlög á Austurlandi með bættu vegasambandi á milli þéttbýlisstaða. Ennfremur að tryggja greiðar samgöngur og auka umferðaröryggi á svæðinu. Nýr vegur verður með bundnu slitlagi og utan jarðganga verður hann uppbyggður með tilliti til snjóá. Hönnunarhraði vegarins verður miðaður við 70 km/klst. hámarks hraða í jarðgöngum en utan jarðganga verður miðað við 90 km/klst. hámarks hraða.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 16. tbl. 20. árg. nr. 594 24. sept. 2012

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.


### Jarðgöng og vegir

Jarðgöngin muni liggja í gegnum fjallgarðinn vestan þéttbýlisins í Eskifirði að Fannardal innst í Norðfirði. Lengd ganga í bergi er 7.542 m, vegskálar 120 m og 246 m samtals 366, samtals göng 7.908 m. Gólf í göngum fer mest í 175 m hæð y.s. í miðjum göngunum og er mesti lengdarhalli 3,0 %. Áætlað er að um 420 þús. m<sup>3</sup> af sprengdu bergi muni falla til við jarðgangagerðina og verður hluti þess notaður í fyllingar og burðarlög við vegagerðina.

Nýr vegur verður byggður beggja vegna gangunnna. Nýir vegir eru u.þ.b. 2 km Eskifjarðarmegin og 5,3 km Norðfjarðarmegin, samtals um 7,3 km. Vegurinn verður 8 m breiður með 7 m breiðri akbraut, með bundnu slitlagi. Mestu fyllingar eru nálægt gangunnum, 9,3 m háar Eskifjarðarmegin og 8 m háar Norðfjarðarmegin.

Einnig verða gerðar tvær brýr, Eskifjarðará 38 m og Norðfjarðará 48 m og verða þær boðnar út sérstaklega. ■

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Auglýsingar útboða

### Norðfjarðargöng, forval 12-045

Vegagerðin auglýsir eftir þátttakendum í forvali vegna jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, ásamt byggingu tilheyrandi forskála og vega. Um er að ræða 7,54 km löng jarðgöng í bergi, styrkingu ganga, raf- og stjórnbúnað þeirra, um 366 m langa steinsteypta vegskála og um 7 km langa vegi.

Heiti verkefnisins er: Norðfjarðargöng

Helstu magntölur eru:

Gröftur jarðganga	420.000 m <sup>3</sup>
Sprautsteypa	17.000 m <sup>3</sup>
Steinsteypa	3.000 m <sup>3</sup>
Forskering	100.000 m <sup>3</sup>
Fylling	650.000 m <sup>3</sup>

Forvalsgögn verða send í tölvupósti þeim sem óska eftir að taka þátt í forvali frá og með mánudeginum 24. september 2012. Óskir um forvalsgögn skal senda á póstfangið leonard.birgisson@vegagerdin.is með upplýsingum um nafn fyrirtækis, nafn tengiliðar ásamt tölvupóstfangi og símanúmeri.

Forvalsgögn eru á ensku og samskipti á forvalstíma mega vera á ensku, dönsku, sænsku eða norsku, auk íslensku. Útboðsgögn verða á íslensku og öll samskipti á útbóðs- og framkvæmdatíma verða á íslensku.

Skila skal útfylltum forvalsgögnum í lokuðu umslagi merktu á eftirfarandi hátt til Vegagerðarinnar Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) í síðasta lagi þriðjudaginn 13. nóvember 2012.

**Vegagerðin, móttaka  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**

**Norðfjarðargöng  
Forval**

Einungis gögn sem hafa borist Vegagerðinni þriðjudaginn 13. nóvember 2012, fyrir lok skrifstofutíma (kl. 16:00) eða eru sannanlega póstlögð fyrir þann tíma eru tekin gild.


Forvalið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.  
Reykjavík í september 2012  
Vegamálastjóri



Norðfjarðargöng vegur og gangamunni í Eskifirði




Horft frá upphafi nýs Norðfjarðarvegar í Eskifirði í átt að jarðgöngum. Útlit eftir að skeringar hafa verið græddar upp.



# Framkvæmdir 2012

Stærstu verk sem unnið  
er að á árinu



— Framkvæmdir 2012  
— Bundið slitlag í lok árs 2011  
— Þjóðvegir með malarslitlagi

19.09.2012 VA

## Niðurstöður útboða

### Efnisvinnsla við Svínhaga

#### í Rangárþingi ytra 12-044

Tilboð opnuð 11. september 2012. Efnisvinnsla burðarlaga við Svínhaga í Rangárþingi ytra.

Helstu magnbólur eru:

Efra burðarlag	6.500 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	11.000 m <sup>3</sup>

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 31. desember 2012.

nr. Þjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Neseý ehf., Árnesi	40.350.000	108,2	11.500
3 Hraun - Sandur ehf., Hafnarfirði	39.000.000	104,6	10.150
--- Áætlaður verktakakostnaður	37.300.000	100,0	8.450
2 Fossvélar ehf., Selfossi	34.700.000	93,0	5.850
1 Þjóandi ehf., Hella	28.850.000	77,3	0

### Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur 12-031

Tilboð opnuð 18. september 2012. Gerð Álftanesvegur (415), milli Hafnarfjarðarvegur og Bessastaðavegur. Verkið felst í því að leggja nýjan 4 km langan veg frá Engidal að Fógetatorgi við Bessastaðaveg. Gera skal mislæg gatnamót ásamt að- og fráreinum við Hraunsholt í Engidal og byggja tvenn göng fyrir gangandi umferð. Breyta skal legu strengja, vatns- og hitaveitulagna. Þá á að leggja nýja háspennu- og rafdreifistrengi, síma-, vatns-, og hitaveitulagnir. Einnig fylgir með í verkinu landmótun, sáning og yfirborðsjöfnun hrauns innan verksvæðisins.

Helstu magnbólur eru:

Bergskering	70.000 m <sup>3</sup>
Fylling og fláflýgar	72.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	25.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	12.000 m <sup>3</sup>
Malbik	52.500 m <sup>2</sup>
Gangstígar	9.000 m <sup>2</sup>
Mótaflétir	2.700 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarstál	87.000 kg
Steinsteypa	1.120 m <sup>3</sup>
Eftirspennit jarnalögn	5.300 kg
Hitaveitulagnir	346 m
Fjarskiptalagnir	4.000 m
Rafstrengir	6.740 m

Verkið skiptist í 3 verkáfanga og skal verkinu að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2014.

nr. Þjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	865.000.000	100,0	205.770
5 Suðurverk hf., Hafnarfirði	844.059.791	97,6	184.830
4 Ístak hf., Reykjavík	822.034.936	95,0	162.805
3 Urð og grjótt ehf., Reykjavík	799.612.663	92,4	140.382
2 ÍAV hf., Reykjavík	746.116.046	86,3	86.886
1 Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	659.230.180	76,2	0

## Viðhorfskönnun um þjóðvegi landsins, sumar 21012

Áður birt á vegerdin.is 17.09.2012

Vegfarendur segjast fyrst og fremst vilja breikka vegina þegar spurðir hvað þeir helst vilja bæta á þjóðvegum landsins. Tæpur helmingur vill það en tæp 30% vilja auka við bundið slitlag og tæp 10% slétta vegi. Þetta kemur fram í könnun Maskínu fyrir Vegagerðina um þjóðvegi landsins, sumarkönnun. Spurningar voru alls 8 talsins.

Heldur fleiri eru jákvæðir gagnvart Vegagerðinni en í síðustu könnunum, tæp 50% eru frekar jákvæð og tæp 11% mjög jákvæð. Tæp 9% eru neikvæð.

Svipaður fjöldi og áður telja þjóðvegi á Íslandi almennt góða eða tæp 43%, um 31% telja þá slæma.

Nokkuð fleiri en undanfarir telja kantstíkur fullnægjandi eða 54%, en tæp 35% segja hvorki né, og þá eru rúm 11% sem telja kantstíkur ekki fullnægjandi.

Sömu sögu er að segja um yfirborðsmerkingar, heldur fleiri telja þær fullnægjandi eða 45% og einnig segja heldur fleiri hvorki né eða um 37%. En þeim fækkar sem telja yfirborðsmerkingar ófullnægjandi og mælast þeir tæp 18%.

Yfir 82% þeirra sem hafa leitað upplýsinga hjá Vegagerðinni hafa nýtt sér heimasíðu stofnunarinnar. Rúm 28% nota textavarpíð og hefur þetta hlutfall aukist talsvert síðan í síðustu mælingu. Að sama skapi hefur upplýsingaleit í síma minnkað talsvert og segjast nú 22% svarenda hafa nýtt sér símaþjónustuna.

Vegagerðin hefur lagt í töluvert mikið átak til að bæta merkingar við vegafarmkvæmdir. Því eru það vonbrigði að þeim fækkar nú sem telja merkingarnar fullnægjandi en þeim hafði farið stöðugt fjölgandi síðan í ársbyrjun 2010 eða eftir að átakinu var hleypt af stokkunum. Nú segja rúm 57% að merkingar séu fullnægjandi en í síðustu könnun voru það tæp 65%.

### Spurning 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?


Slétt 60% svarenda eru jákvæð í garð Vegagerðarinnar en tæp 9% eru neikvæð í garð hennar. Þetta eru svipaðar tölur og í síðustu mælingu í apríl 2012 en þá kváðust 58% jákvæð í garð Vegagerðarinnar og 11% neikvæð. Meðaltalið er 6,51 sem er um það bil mitt á milli valmöguleikanna hvorki né og frekar jákvæð(ur) og er mjög svipað og í síðustu mælingu (6,42) en herra en Maskínumeðaltalið (5,93), sem er meðaltal sömu spurningar í öðrum þjónustukönnunum sem Maskína hefur gert.

Nokkur munur er á viðhorfi til Vegagerðarinnar eftir bakgrunnspáttum. Íbúar nágrennasveitarfélaga Reykjavíkur eru jákvæðari en íbúar annarra sveitarfélaga og svarendur sem hafa náð 55 ára aldri eru jákvæðari en svarendur á aldrinum 25 til 44 ára. Annað dæmi um marktækan mun á viðhorfum er að svarendur Suðvesturkjördæmis eru jákvæðari en þátttakendur í Suðurkjördæmi.


### Spurning 2. Finnst þér þjóðvegir á Íslandi almennt vera góðir eða slæmir?

Á milli 42% og 43% svarenda þykja þjóðvegir á Íslandi almennt vera góðir en um 31% þykja þeir almennt slæmir. Meðaltalið er 5,21 á kvarðanum 0-10 sem er mjög nálægt því sem síðustu fjórar mælingar gefa til kynna. Kven-svarendur þykja vegirnir betri en karl-svarendur og þeir sem eru yngri en 25 ára telja þá að meðaltali betri en þeir sem eldri eru. ■

### Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?



### Sp. 2. Finnst þér þjóðvegir á Íslandi almennt vera góðir eða slæmir?





## Nýtt vatnsbrotstæki notað við viðhald á Borgarfjarðarbrú

Áður birt á vegagerdin.is 03.09.2012. Þar má einnig sjá myndbandsupptöku. Vegagerðin vinnur nú að því að brjóta upp steypa slitlagið á Borgarfjarðarbrúnni sem var farið að láta á sjá og þarfnadist viðhalds. Ekki er hægt að auka álagið á brúna með því að bæta malbiki ofan á og ekki má heldur fleyga steypuna með loftborum því slíkt veldur miklum titringi og gæti skemmt út frá sér.

Nauðsynlegt var því að fara aðrar leiðir og var lausnin að kaupa vatnsbrotstæki sem, eins og nafnið felur í sér, brýtur steypuna með vatni og veldur engum titringi. Það skemmir því ekki aðra hluti brúarinnar.

### Vatnsbrotstæki

Vinnslubreidd tækisins er 0-1,5 m. Í því er vatnsspíss sem vinnur á um 1.000 bar þrýstingi knúinn frá aflstöð og vatnsnotkun er 200-260 l/mín.

Þetta tæki getur brotið um 0,4 m<sup>3</sup>/klst. af steypu. Tækið brýtur steypuna en skilur járnagrind eftir. Brottækið er dísilknúíð beltatæki sem stjórnað er með fjarstýringu.

Aflstöð / Powerpack (dísilvél, dæla o.fl.) 550 Kw fylgir

tækinu og er í gám sem er á krókheysi sem auðveldar flutning á tækinu. Brottækið er einnig geymt inni í gámnum þannig að þegar tækið er ekki notkun er allt geymt á einum stað.

### Framkvæmdir í haust

Verkið er unnið af brúarvinnuflokki Vegagerðarinnar frá Hvammstanga og nú í haust verða tekin tvö höf af 13 höfum Borgarfjarðarbrúarinnar. Báðar akreinar verða teknar. Meðan á verkinu stendur er umferðinni stýrt með ljósum um eina akrein. Um leið og skipt er um slitlagið er skipt um þennslurör og gúmmí.

Það eru brotið u.þ.b. 6 til 10 cm af steypunni og steypu u.þ.b. 10 cm lag í staðinn með leiðréttum hæðum á miðju. Þá er 8 mm langjárnnum með 20 cm möskva skipt út fyrir 10 mm járn með 15 cm möskva. Skipt er um þennslurafaeiningar

Hafist verður handa aftur við verkið næsta vor en frekari tímasetningar liggja ekki fyrir að sinni. En verklok á þessum áfanga núna eru áætluð 15. október.

Starfsmenn bera tækinu vel söguna en aðalatriði er að valda ekki skemmdum á brúargólfi eða stólpunum. ■



Notkunarmöguleikar vatnsbrotstækisins.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.  
 Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	Opnað:	Samið:
12-046 Pingskálavegur (268), Bolholt - Svínhagi	2012		
12-030 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður, endurútboð	2012		
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	
12-045 Norðfjarðargöng, forval	24.09.12	13.11.12	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	
12-044 Efnisvinnsla við Svínhaga í Rangárþingi ytra	27.08.12	11.09.12	
12-031 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07.08.12	18.09.12	
12-042 Mjóafjarðarferja 2012-2015	30.07.12	21.08.12	
11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	25.06.12	08.08.12	
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11	

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
12-021 Borgarfjarðarbraut (50), vegagerð um Reykjadalssá Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	21.08.12	13.09.12
12-042 Ræsi í Dýrlæki á Mýrdalssandi Bíldrangur ehf., kt. 530606-1470	31.07.12	04.09.12
12-019 Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) við Breiðdalsvík SG vélar ehf., Djúpavogi, kt. 411092-2599	31.07.12	03.09.12
Útboð fellt niður		
12-026 Styrkingar og endurbætur á Norðvestursvæði, festun		



Norðfjarðargöng, sjá bls. 1-5. Tölvumynd af væntanlegum vegi og gangamunna í Norðfirði.  
 Tölvumyndir á forsíðu, bls. 5 og baksíðu: Mannvit.